

þjónustusamningur

Samningur þessi er gerður á grundvelli 6. gr. b. í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum og á grundvelli XI. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

1. Samningsaðilar:

- 1.1 Þjónustukaupi er Velferðarsvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík.
Kennitala: 530269-7609.
- 1.2 Þjónustusali er sjálfseignarstofnunin Ás - styrktarfélag, Skipholti 50c, 105 Reykjavík.
Kennitala: 630269-0759.
- 1.3 Þjónustukaupi er þjónustuaðili og þjónustusali rekstraraðili samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum, og samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu.
- 1.4. Þjónustusvæðið er Reykjavíkurborg og Seltjarnarnesbær, samkvæmt samningi, milli þessara sveitarfélaga sem gerður var á grundvelli 4. gr. laga 59/1992 um málefni fatlaðs fólks með síðari breytingum.

2. Markmið:

- 2.1 Meginmarkmið samningsins er að veita fötluðu fólkstuðning til sjálfstæðis og lífsgæða sem stuðlar að því að það fái notið sín sem fullgildir þegnar samfélagsins á forsendum eigin getu og njóti virðingar. Í verkefnum þeim sem þjónustusali tekur að sér samkvæmt samningi þessum ber honum að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

3. Verkefni:

- 3.1 Þjónustusali tekur að sér að veita þjónustu, við fatlað fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir, í eftirfarandi þjónusturýmum í samræmi við fskj.nr. 1;
 - a) Sértaeku húsnæðisúrræðum sem eru 40 talsins, sbr. kafla um sértaek húsnæðisúrræði í fskj. nr. 1. Fjöldi rýma í búsetu tekur mið af eftirfarandi þjónustuþyngd:
 - 18 rými í þjónustumati samkvæmt SIS matsflokkum 4-7
 - 17 rými í þjónustumati samkvæmt SIS matsflokkum 8-11
 - 5 rými í þjónustumati samkvæmt SIS matsflokkum 12, 12A og 12B

Síða 1 af 8

Fjöldi rýma getur verið breytilegur milli matsflokkja en skulu þá báðir samningsaðilar samþykkja það frávik. Leitast skal við að úthluta lausum rýmum til að leiðréttu það frávik.

- b) Vinna og Virkni (Dagrými) sem eru 107.5 talsins, sbr. kafla um vinnu og virkni í fskj. nr. 1., sem eru allt að átta klukkustundir, nýtast jafnmögum eða fleiri einstaklingum eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins.
- c) Dagrými í sérhæfðri þjónustu við börn sem eru að jafnaði 5 talsins. Dagrýmin eru að öllu jöfnu átta klukkustundir. Þau skulu nýtast jafnmögum eða fleiri einstaklingum, eftir úthlutaðri lengd daglegrar viðveru hvers og eins, sbr. grein um sérhæfða þjónustu við fötlöð börn í fskj. nr. 1. Frávik frá því skulu samþykkt á samráðsfundi.
- 3.1 Þjónusturýmin vegna liðar 3.1.b og c eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu en notendur þjónustunnar geta átt lögheimili innan eða utan þess. Þjónustukaupi greiðir þjónustusala fyrir þjónustu óháð lögheimili hins fatlaða einstaklings. Þjónustukaupi mun innheimta hjá öðrum sveitarfélögum þau gjöld sem falla til vegna þeirrar þjónustu sem nýtt er fyrir sín með lögheimili í þeim sveitarfélögum.
- 3.2 Þjónustukaupi úthlutar einstaklingum þjónusturýmum, sbr. kafla um úthlutunarfari í fskj. 1, sem þjónustusali hefur til umráða samkvæmt samningi þessum. Frá þeim degi þegar þjónustusali sendir þjónustukaupa tilkynningu um að þjónusturými hafi losnað þá skal þjónustukaupi úthluta því til annars notanda svo fljótt sem auðið er. Verði tafir hjá þjónustukaupi á úthlutun ber þjónustusali ekki tjón af því.
- 3.3 Þjónustusali leggur til mannafla, húsnæði og búnað til að sinna þjónustunni.
- 3.4 Önnur verkefni þjónustusala falla ekki undir samning þennan.

4. Greiðslur

- 4.1 Greiðslur þjónustukaupa vegna samningsins nema samtals 900.000.000 kr. fyrir tólf mánaða tímabil. Upphæðir skiptast í þrjá flokka 341.600.000 kr. vegna búsetuþjónustu, 483.400.000 kr. vegna dagþjónustu og 75.000.000 kr. vegna stjórnunarkostnaðar. Fjárhæðir þessar ná yfir greiðslur fyrir alla þjónustu sem þjónustukaupi kaupir af þjónustusala, þ.m.t, vegna þjónustu til sín í öðrum sveitarfélögum. Þjónustukaupi innheimtir síðan greiðslur fyrir þá þjónustu hjá viðkomandi sveitarfélagi, sbr. grein 3.3.

3 . \ .

B

2

- 4.2 Greiðslur þjónustukaupa samkvæmt grein 4.1 miðast við að þjónustusali beri fulla fjárhagslega ábyrgð á öllum rekstri sínum, þ.m.t. á greiðslu launa, lifeyrisiögjöldum vegna starfsmanna sinna, starfstengdum kostnaði eins og t.d. launum staðgengla vegna lengri veikinda, námsleyfa og námskostnaðar, svo og hugsanlegum skaðabótakröfum.
- 4.3 Fjárhæð í grein 4.1 er á meðalverðlagi ársins 2016. Hún breytist árlega (1. janúar) í samræmi við launa- og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar hvers árs. Þjónustukaupi upplýsi þjónustusala um framangreindar forsendur eins fljótt og auðið er. Af heildarframlagi Reykjavíkurborgar er miðað við að 85% sé vegna launakostnaðar og 15% sé framlag vegna annars kostnaðar. Framlag vegna launakostnaðar skal taka breytingum sem taka mið annars vegar af hlutfallslegu vægi starfshópa (sjá fskj.nr.2) og hins vegar af mati fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar á hækkunum í kjarasamningum við stéttarfélög viðkomandi starfshópa við Reykjavíkurborg og starfsmati. Framlag vegna annars rekstrarkostnaðar skal breytast samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar um almennar verðlagsbreytingar.
- 4.4 Árlegri greiðslu þjónustukaupa skal skipt í 12 jafnar greiðslur sem greiðast skulu fyrirfram inn á bankareikning þjónustusala nr. 0303-26-4339. Greitt skal fyrsta vinnudag hvers mánaðar, nema óviðráðanleg atvik hamli (Force majeure). Hafi greiðsla ekki verið innt af hendi fyrir fjórða dag mánaðar getur þjónustusali krafist hæstu lögleyfou dráttarvaxta enda megi telja greiðsludráttinn til atvika er þjónustukaupi skal bera halla af.

5. Ábyrgð og tryggingar

- 5.1 Þjónustusali ber alla ábyrgð á verkefninu og framkvæmd þess, þar með talið verkum undirverktaka. Um tjón er þjónustusali kann að valda við veitingu þjónustunnar gilda almennar reglur skaðabótaréttar.
- 5.2 Þjónustusali skal hafa allar skyldutryggingar sem lög, reglugerðir og kjarasamningar kveða á um. Þjónustusali ber sjálfur kostnað af tjóni sem hann verður fyrir og tryggir sig ekki gegn.

6. Fjárrciður og fjárhagslegar ráðstafanir

- 6.1 Þjónustusali skal afla formlegs samþykkis þjónustukaupa til hvers konar fjárhagslegra ráðstafana í tengslum við samninginn sem ekki verða leiddar beint af samningnum eða fara í bága við hann.
- 6.2 Um reikningshald og endurskoðun ársreiknings gilda ákvæði laga nr. 3/2006 um ársreikninga, og laga nr. 145/1994 um bókhald.

Síða 3 af 8

- 6.3 Halda skal fjáreiðum og reikningshaldi vegna starfsemi og þjónustu samkvæmt samningi þessum aðgreindum frá öðru bókhaldi og eignum þjónustusala.
- 6.4 Þjónustusala ber að fylgja lögum nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur.

7. Eftirlit

- 7.1 Þjónustukaupi hefur eftirlit með framkvæmd samnings þessa og áskilur sér rétt til að skoða aðstæður þar sem þjónusta samkvæmt honum er veitt og kalla eftir skýringum og upplýsingum sem hann telur þörf á hverju sinni. Þjónustukaupi getur falið utanaðkomandi aðila að kanna hvort þjónustusali uppfylli skilyrði samnings með sérstakri úttekt fyrir þjónustukaupa á þjónustu þjónustusala.

8. Samskipti

- 8.1 Þjónustukaupi skal tilnefna einn fulltrúa og þjónustusali einn fulltrúa til að sjá um samskipti og samráð vegna samningsins.

9. Endurskoðun

- 9.1 Ef endurskoðun á flutningi málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga, sem fara átti fram fyrir árslok 2014 en seinkað var til lok árs 2015, leiðir af sér breytingar sem hafa áhrif á fagleg eða fjárhagsleg ákvæði þessa samnings, skulu samningsaðilar taka þau ákvæði til endurskoðunar og gera breytingar á þessum samningi ef þörf krefur.

10. Vanefndir þjónustusala

- 10.1 Eftirlit þjónustukaupa og annarra opinberra aðila með rekstri þjónustusala og með þeirri þjónustu sem hann veitir er með þeim hætti sem lýst er í fskj. nr. 1. Leiði eftirlit í ljós frávik eða annað athugunarvert þá skulu stjórnendur hjá þjónustusala ráðast í viðeigandi aðgerðir innan hæfilegs tímafrests eins og nánar er lýst í fskj. nr. 1.
- 10.2 Telji þjónustukaupi framkvæmd verksins í heild eða að hluta ábótavant eða feli niðurstaða eftirlits hans samkvæmt grein 10.1 í sér að þjónustusali uppfylli ekki samningsskyldur sínar, þrátt fyrir að hafa fengið hæfilegan frest til úrbóta skal þjónustukaupi gera þjónustusala viðvart skriflega um það. Ber þjónustusala þá tafarlaust að ráðast í úrbætur sem þjónustukaupi telur fullhægjandi samkvæmt fskj. nr. 1.

- 10.3 Sé það eigi gert er þjónustukaupa heimilt að skerða greiðslur vegna þeirra þáttar sem er ábótavant samkvæmt grein 10.2., samkvæmt 4. gr. eða fresta þeim þar til úrbætur hafa sannanlega verið gerðar. Þjónustusali á ekki rétt á dráttarvöxtum þótt greiðslum sé frestað samkvæmt þessari grein.
- 10.4 Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustusala að ræða og þjónustusali hefur ekki sinnt kröfum þjónustukaupa um úrbætur innan tímafrests getur þjónustukaupi rift samningnum án frekari fyrirvara.

11. Vanefndir þjónustukaupa

- 11.1 Verði um verulegar eða ítrekaðar vanefndir af hálfu þjónustukaupa að ræða, getur þjónustusali sagt upp samningi þessum með þriggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg.
- 11.2 Hafi þjónustusali rift samningnum við þjónustukaupa vegna vanefnda getur þjónustusali krafíð hann um bætur vegna þess kostnaðarauka er kann að leiða af riftun. Um bætur vegna annars tjóns fer estir almennum skaðabótareglum.

12. Réttarfar

- 12.1 Mál sem rísa kunna vegna brota á samningi þessum eða vegna ágreinings um túlkun hans skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

13. Framsal réttinda

- 13.1 Þjónustusala er óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum.
- 13.2 Þjónustusala er óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti nema með skriflegu samþykki þjónustukaupa.
- 13.3 Þjónustusala er óheimilt að breyta rekstrarformi félagsins samkvæmt grein 1.2 eða selja frá sér samningsbundna starfsemi samkvæmt samningnum, að hluta eða í heild, meðan þessi samningur er í gildi.

14. Samningstími

- 14.1 Samningstími er 5 ár, frá og með 1. janúar 2016 til og með 31. desember 2020.

- 14.2 Þjónustukaupi og þjónustusali geta þó hvor um sig hvenær sem er á samningstímanum sagt samningnum upp með 6 mánaða fyrirvara. Uppsögn samnings skal vera skrifleg.
- 14.3 Fyrir lok samningstíma gerir þjónustukaupi úttekt á þjónustu þjónustusala með hliðsjón af fskj. nr. 1 og metur hvernig til hafi tekist á samningstímanum. Skal slík úttekt ligga fyrir 6 mánuðum áður en samningstíma lýkur. Þjónustukaupi tekur síðan ákvörðun um hvort óskað verði eftir viðræðum við þjónustusala um áframhaldandi rekstur þjónustunnar með endurnýjuðum samningi.

15. Starfsleyfi

- 15.1 Þegar reglugerð um starfsleyfi fyrir þjónustustofnanir liggur fyrir ber þjónustusala að afla starfsleyfis kveði reglugerðin á um það.

16. Fylgiskjöl

- 16.1 Eftirtalin fylgiskjöl eru hluti þessa samnings. Komi upp misräemi milli gagna skal það ganga framar sem gerir ríkari kröfur á hendur þjónustusala.


Fylgiskjal nr. 1: Lýsing á þjónustu við fólk með proskahömlun og skyldar raskanir hjá Ási, styrktarfélagi, útgáfa 1, dagsett 18.06.2012.

Fylgiskjal nr. 2: Upplýsingar um hlutfallslegt vægi starfshópa dagsett 15.09.2015

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og telst hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Eitt eintak skal vera í vörlu þjónustukaupa og eitt eintak í vörlu þjónustusala.

Reykjavík 21. desember 2015


F.h. Þjónustukaupa


F.h. Þjónustusala

Bókun

Samningsaðilar eru sammála um að unnið skuli að útgáfu 2 af Lýsingu á þjónustu við fólk með þroskahömlun og skyldar raskanir hjá Ási styrktarfélagi, á tímabilinu 1. febrúar 2016 til 1. maí 2016. Sú lýsing mun koma í stað lýsingar 1 sem er fylgiskjal nr. 1 með samningi þessum.

Bókun

Fjárhæð í lið 4.1 hefur ekki að öllu tekið mið af breytingum í kjarasamningum frá 1. nóvember 2015 og verður fjárhæð endurreiknuð með tilliti til þessa þegar breytingar liggja fyrir. Upphæðir verða endurreiknaðar í samræmi við lið 4.3.